



FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA
Laufásvegí 81 · IS-101 Reykjavík · Sími 595 1111 · Fax 595 1112
fg@ki.is · www.ki.is

Tíundi ársfundur Félags grunnskólakennara 11. - 12. apríl 2013 Borgarnesi

Dagskrá ársfundar:

1. Ársskýrsla stjórnar Félags grunnskólakennara
2. Reikningar lagðir fram til kynningar
3. Umræða um ársskýrslu og reikninga
4. Tillögur laganefndar FG
5. Kjaramál / skólamál
6. Formlegum ársfundi slitið

Ólafur Loftsson (ÓL), Hreiðar Oddsson (HO), Mjöll Matthíasdóttir (MM), Brynja Áslaug Sigurðardóttir (BÁS), Þórdís Sævarsdóttir (ÞS), Guðbjörg Ragnarsdóttir (GR), Kristjana Hrafnisdóttir (KH), Sigurður Haukur Gíslason (SHG), Sigurður Halldór Jesson (SHJ), Baldur Þorsteinsson (BÞ), Þormóður Logi Björnsson (ÞLB), Bergmann Guðmundsson (BG), Sigurlaug Konráðsdóttir (SK), Lára Halldóra Eiríksdóttir (LHE), Helga Tryggvadóttir (HT), Páll Erlingsson (PE), Einar Gunnarsson (EG), Anna Lena Halldórsdóttir (ALH), Rósa Ingvarsdóttir (RI), Guðbjörg Íris Atladóttir (GÍA), Guðný Stefania Stefánsdóttir (GSS), Ingibjörg Þorleifsdóttir (IÞ), Ólafur Einar Lárusson (ÓEL), Hildur Jórunn Agnarsdóttir (HJA).

ÓL býður fundarmenn velkomna og setur ársfundinn og fer yfir dagskrána. Rósa Ingvarsdóttir kosinn fundarstjóri og Hreiðar Oddsson ritari.

1. ÓL fer yfir skýrslu stjórnar. Ársskýrslunni er ætlað að fara yfir það sem fer á fram á milli ársfunda. Ekki er skýrslan gefin út á pappír af umhverfissjónarmiðum. Annað árið í röð fylgir samantekt frá svæðafélögum um starf fylgja með. Almennt séð má segja að yfir starfsárið hafi verið meira að gera í skólamálanefndinni. Gefnir hafa verið Skólamolar í veftímariti. Skólamálin og kjaramálin eru ein heild og því mikilvægt að halda utan um skólamálin líkt og kjaramálin. Búið er að fara og hitta trúnaðarmenn og kennara í skólum vítt um landið og mögulega hefur það ekki verið gert nógu oft hér áður. Þessi stóri rúntur gerði ákvarðanatöku vegna kjaramála auðveldari þó erfið væri. Þetta tekur langan tíma og kostar mikið skipulag. Spurning hvort svona ferð sé ekki eitthvað sem gera ætti árlega, t.d. í kringum áramót. Eins og áður reyna formaður og varaformaður að mæta á haustþingin til að hitta kennara og er það mikilvægt. Umræður á þingunum voru góðar og áhugaverðar.

Erlenda samstarfið hefur verið með venjubundnu sniði. NLS ráðstefnan var haldin á Selfossi síðastliðið sumar. Þar skiptast kennarar frá norðurlöndum á skoðunum og kynna sínar áherslur og hvað er að gerast í hverju landi. Eins fóru ÓL og Þórður á fund í Hollandi þar sem 20 hæðstu þjóðir í PIZA koma saman og þar á pólitíkin, háskólasamfélagið og grunnskólasamfélagið að koma saman. Þar var rætt um gæði í skólustarfi, laun, góður kennari, hvað er góður kennari og fleira.

2. MM kynnir reikninga félagsins. Uppgjör við svæðafélögun eru stundum mismunandi þannig að stundum koma greiðslur til þeirra í janúar en ekki fyrir áramót. Kostnaður við samninganefnd eykst af eðlilegum ástæðum sem og kostnaður vegna funda með trúnaðarmönnum. Rýnihópurinn er stóri fundurinn sem haldinn var í Hafnarfirði í tengslum við könnunina vegna starfa kennara.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga:

Almenn ánægja var með að stjórn framfylgir ályktunum. Kallað var eftir nánari upplýsingum um áskoranir vegna nemendafjölda, bæði á kennara og náms og starfsráðgjafa og var því svarað til að þetta hefði verið lagt inn hjá ríki og sveitafélögum og í kjaraviðræðum. Þetta gæti verið partur af handbók en ekki endilega í kjarasamningi.

Umræður spunnust um laun og launadeild gjöld og hvernig FG greiði hlutdeild í KÍ húsinu? Tekjur KÍ í heild af félagsgjöldum eru um 400 milljónir og þar af 44% frá félögum FG. Þegar úthlutað er til baka til félaganna fær FG 36% úthlutað en FG er eina félagið sem fær minna úthlutað en það dregur inn. 200 milljónir eru um það bil það sem verður eftir hjá KÍ til rekstur Hússins, allir starfsmenn Hússins fá laun úr þeim potti. FG borgar meira inn í samreksturinn, en þetta er hluti af samtryggingunni og ákveðið á þingi KÍ. Verið er að skoða hvernig rekstur annarra stéttarféлага er háttað en í fljótu bragði virðist rekstur KÍ vera ákaflega hagstæður.

MM bendir á að vinnudeilusjóður styrkir ekki FG eða önnur félög vegna vinnudeilna. Í ljósi þess að ekki er greitt inn í vinnudeilusjóðinn eins og ákveðið var á síðasta KÍ þingi.

Umræður um launalið hvað varðar starfsmenn og samninganefnd. Útskýrt var hvernig launasetningin er og bent á að margir fundir og mikil vinna liggi á bak við vinnu samninganefndar. Spurt var hvort ekki væri eðlilegt að óska eftir úthlutun úr vinnudeilusjóði til að mæta kostnaði við samninganefnd. Búið er að gera það og hefur FG fengið það svar að sjóðurinn mun ekki taka þátt í kostnaði við kjaradeilur eftir 2011 meðan ekki er greitt inn í hann. Bent er á að FG er stöndugt og eins og svæðafélögin standa líka vel og því kannski erfiðara að sækja fast á sjóðinn.

4. Tillögur laganevndar FG

Ræddar voru hugmyndir og verkefni til að skoða hug fundargesta, en það er hlutverk laganevndar að koma með tillögur að lagabreytingum fyrir næsta aðalfund. Rætt var um breytingar á eftirfarandi lögum:

- Eigum við að breyta 12 g laga FG en hún fjallar um samráðsfundi og er svo hljóðandi: „Stjórn félagsins skal boða til fundar með formönnum svæðafélaga a.m.k. tvisvar á ári. Samráðsfundur er stjórn til ráðuneytis um stjórnun félagsins.“ Á að semja nýja grein eða breyta þessari? Almennar umræður um þetta, en flestir voru á því að breyta greininni en semja ekki nýja, þ.e. samráðshlutann. Ein hugmyndin var að setja að fundir ættu ekki að vera a.m.k. þrjú en óski tveir eða fleiri svæðaformenn eftir fundi skal halda hann.
- Eiga kosningar allar að vera rafrænar eða á að halda fulltrúakosningum? Á að kjósa formenn rafrænt en ekki aðra? Það eru kostir og gallar við hvoru tveggja. Flestir voru þó á þeirri skoðun að það kerfi sem er við lýði nú sé ágætt.
- Á að skýra og einfalda texta um kjörstjórn? Hópurinn var sammála um að best væri að einfalda lög og hafa starfsreglur.
- Fulltrúar í sjóði KÍ. Stjórnir FG og KÍ þarf að skrifa upp á reikninga þessara sjóða og því þarf að vera ábyrgðartenging og því ætti að tilnefna í sjóði.
- Á að samræma lög svæðafélaga FG? Umræður og töldu flestir gott að samræma hluta laganna þó ekki á kostnað einkenna félaganna.
- Sameining svæðafélaga í takt við önnur félög í KÍ? Umræður um þetta og töldu flestir að kerfið væri gott eins og það er í dag.

Umræður um breytingar á lögum KÍ.

5. Kjaramál / skólamál

ÓL fór yfir stöðu mála. Rifjar upp hvað hefur verið lögð áhersla á í síðustu samningum og samningalotum. Hvernig samskiptin við SNS og sáttasemjara voru nú eftir áramót. Fór yfir ýmis gögn og glærur.

Í gangi er vinna þar sem verið er að greina sérkjarasamninga og hópar sem starfa eftir þeim hafa óskað eftir fundum með ÓL og GR. Oft eru þessir hópar einangraðir og jafnvel eru trúnaðarmenn ekki að mæta á fundi og samráðsvettvangs.

ÓL fór yfir sameiginlegan fund félaga í KÍ að undanskildum framhaldsskólanum þar sem meðal annars voru viðraðar hugmyndir um sameiginlegar launatöflur og aukna samvinnu.

Umræðuhópar

Rætt var um samflot KÍ sem heild: sameiginlega launatöflu, samningsmarkmið, lengingu kennaranámsins, verkföll

Samantekt.

Horfa til sameiginlegrar gagnaöflunar, sjá hvernig samstarfið þróast svo sbr. FF

Launatöflumál er spennandi en gefa lengri tíma til að skoða.

Andinn meira að sækja aura meira en ekki án þess að kasta hinu fyrir borð. Vera sveigjanleg. FG mun ekki ljá máls á því að fara í einhvern stöðugleika nema ákveðnar leiðréttingar koma fram.

Vinna áfram inn á við í að aðstoða kennara við að afmarka starf sitt og tímann. Dropinn holar steininn.

Benda á að hægt er að auka faglegt starf í skólunum með vannýtta ákvæði kjarasamningsins um verkefnastjóra.

BÁS ef okkur tekst ekki að fá kennara til að virða sinn vinnutíma er alveg sama hvað við semjum um kennarar fara alltaf fram úr tímanum.

Fara og hitta sveitarstjórnarmenn og leggja spilin á borðin.

6. 8. og 9. maí 2014 verður að öllum líkindum aðalfundur FG. Laganefndin á eftir að hittast og mun senda út hugmyndir fljótlega.

7. Önnur mál:

- a. Spurt um heimasíður svæðafélaga. ÓL þarfagreining KÍ er í vinnslu en gert er ráð fyrir að ný heimasíða verði opnuð í ágúst.
- b. Samin baráttukveðja til kennara í Danmörku

Jeres kamp er vores kamp!

Ársfundur Félags grunnskólakennara á Íslandi haldinn 11. apríl 2013 sendir dönskum grunnskólakennurum baráttukveðjur.

Fundurinn harmar framkomu danskra sveitarfélaga og fordæmir harðlega verkþann, sem sveitafélög settu á kennara. Það er algert einsdæmi á Norðurlöndum að sveitafélög hafi gripið til slíkra aðgerða til að þvinga fram vilja sinn. Það er alger óhæfa að svipta danska kennara sjálfsögðum réttindum sínum til að semja um vinnuaðstæður sínar.

Ársfundur FG tekur heils hugar undir áherslur danskra kennara um það að standa beri vörð um gæði skólastarfs og tryggja kennurum nægan tíma til undirbúnings og úrvinnslu kennslu. Sveitarfélögin verða að svara því hvernig minni tími til faglegra starfa geti aukið gæði skólastarfs.

Ykkar barátta er okkar barátta!

Kær kveðja,
Ólafur Loftsson, formaður FG

8. Fundi slitið kl. 14:04